

Mánudaginn 23. október 1950.

Nr. 124/1947. **Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðna Jónssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um höfundarrétt. — Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1947. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. nóvember 1947. Krefst hann þess, að á þessu stigi málsins verði viðurkennd greiðsluskylda aðaláfrýjanda allt að kr. 17294.10 og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu úrskurðar Hæstaréttar 22. marz 1950 hefur farið fram mat það, sem úrskurðurinn fjallar um.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu fyrir störf gagnáfrýjanda við útgáfu tiltekinna fornrita, sem aðaláfrýjandi lét ljósprenta á árunum 1945—1946 og gagnáfrýjandi telur sig hafa höfundarrétt á. Hvort sem talið yrði, að aðaláfrýjandi hafi með hinni nýju útgáfu nefndra rita brotið gegn ákvæðum laga nr. 127/1941 eða ekki, verður að telja, að gagnáfrýjandi geti beint framangreindri kröfu sinni á hendur aðaláfrýjanda. Ber því án tillits til greindra laga að meta, hvort kröfur gagnáfrýjanda hafi við rök að styðjast.

Gagnáfrýjandi bjó undir prentun fyrir aðaláfrýjanda á árunum 1934—1942 eftirtalin fornrit: Harðar sögu og Hólmerja, Gunnlaugs sögu Ormstungu, Íslendinga þætti, Eddu Snorra Sturlusonar, Egils sögu Skallagrímssonar og Njáls sögu. Bækurnar voru prentaðar eftir eldri prentuðum útgáfum sömu rita. Réð gagnáfrýjandi því, hverjar eldri útgáfur voru lagðar til grundvallar, las prófarkir og samdi nafnaskrár. Þetta starf hans, að því er varðar meginmál ritanna og nafnaskrár, var, eins og í héraðsdómi greinir, ekki þess eðlis, að það skapaði gagnáfrýjanda höfundarrétt. Gagnáfrýjandi hefur og látið vísnaðskýringar fylgja ritum þessum. Eru þær að mestu teknar upp eftir eldri prentuðum útgáfum, en sjálfur hefur gagnáfrýjandi þó gert nokkrar nýjar skýringar, svo sem nánar er greint í héraðsdómi, en hvorttveggja er, að þær standa í nánu sambandi við meginmálið og að ekki kveður svo mikið að þeim, að þær geti skapað gagnáfrýjanda höfundarrétt. Gagnáfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að hann eigi rétt til frekari launa fyrir framangreint starf en hann hefur þegar fengið, og þar sem hann hefur ekki lagt fram neitt nýtt starf í sambandi við hina ljósprentuðu útgáfu ritanna, á hann ekki rétt til greiðslu af þessu efni.

Um formála fyrir ritunum gegnir öðru máli. Þeir verða allir að teljast sjálfstætt, frumsamið verk gagnáfrýjanda, sem hann á höfundarrétt á samkvæmt 1. gr. laga nr. 13/1905, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1943. Réttur aðaláfrýjanda til útgáfu formálanna náði samkvæmt 4. mgr. 9. gr. nefndra laga til einnar útgáfu aðeins, þar sem ekki er í ljós leitt, að öðruvísi hafi verið samið. Önnur útgáfa formálans var aðaláfrýjanda því óheimil án samþykkis gagnáfrýjanda. Bera gagnáfrýjanda bætur úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hina ljósprentuðu útgáfu formálanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 1000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar, ber fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda, Guðna Jóns-

syni, vegna óheimillar útgáfu á formálum framan- greindra fornrita.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda upp í málskostn- að í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 1000.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hrd. og Einars B. Guðmundssonar hrl.

Aðaláfrýjandi lét á árunum 1945 og 1946 ljósprenta forn- rit þau, sem í máli þessu greinir, eftir fyrri útgáfu, sem gagn- áfrýjandi hafði annazt. Telur gagnáfrýjandi sig eiga fjár- kröfu á hendur aðaláfrýjanda vegna hinnar ljósprentuðu útgáfu.

Aðaláfrýjandi hefur með útgáfu hinna ljósprentuðu rita án leyfis kennslumálaráðuneytis brotið 2. gr. laga nr. 127/ 1941 um viðauka við lög nr. 13/1905 um rithöfundarétt og prentarétt. Gagnáfrýjandi á því ekki samningslega tryggðan rétt til launa vegna hinnar ljósprentuðu útgáfu.

Er þá athugamál, hvort aðaláfrýjandi hafi með hinni ljós- prentuðu útgáfu brotið höfundarrétt gagnáfrýjanda.

1. Um texta.

Fallast má á það álit héraðsdómenda, að val gagnáfrýjanda á textum þeim, sem notaðir voru við útgáfuna, geti ekki skap- að höfundarrétt að þessari sérstöku útgáfu textanna, er verndaður sé samkvæmt lögum um rithöfundarétt.

2. Um vísnaðskýringar.

Gagnáfrýjandi hefur um texta vísna, upptöku og skýring- ar að vonum stuðzt mjög við eldri fræðimenn, og er sú skoðun héraðsdómenda rétt, að samband gagnáfrýjanda við eldri vísnaðskýrendur svo og samband vísnatexta og skýringa sé þess eðlis, að gagnáfrýjanda hafi ekki skapazt höfundarréttur að vísnaðskýringum sínum.

3. Um nafnaskrár.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður gagnáfrýjanda ekki dæmdur höfundarréttur að nafnaskrár.

4. Um formála.

Lög nr. 127/1941 taka ekki til formálanna út af fyrir sig.

Formálar þessir eru verk gagnáfrýjanda og á hann höfundar- rétt að þeim. Bera honum því bætur úr hendi aðaláfrýjanda vegna hinnar ljósprentuðu útgáfu þeirra, enda ekkert fram komið um, að hann hafi afsalað sér þeim rétti.

Með þessum forsendum erum við samþykkir niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóv. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Guðni skólastjóri Jónsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 15. nóvember 1946 gegn Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar, Bankastræti 3, hér í bænum, til greiðslu ritlauna að fjárhæð kr. 16150.40 auk 6% ársvaxta frá 25. október 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefni 9. apríl 1947, krafðist stefnandi til viðbótar kr. 1143.70 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem fyrr var greint. Í munnlegum flutningi málsins hinn 6. þ. m. breytti stefnandi grundvelli kröfugerðar sinnar á þann veg, að hann krafðist framangreindra fjárhæða sem bóta úr hendi stefndu fyrir tjón sitt af útgáfu síðargreindra bóka. Málið var þá dómtekið, en síðar óskuðu umboðsmenn aðilja þess, að málinu yrði skipt þannig, að dómur yrði fyrst felldur um greiðsluskyldu stefndu, og samþykktu dómendur þá meðferð málsins.

Að þessu sinni eru dómkröfur stefnanda því þær, að stefndu verði dæmt skylt að bæta honum allt það tjón, sem útgáfa síðargreindra bóka hefur valdið honum, svo og að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Árið 1934 samdist svo með aðiljum, að stefnandi byggði til prentunar Harðar sögu og Hólmverja, og kom hún út það ár. Sama ár bjó stefnandi til prentunar Gunnlaugs sögu Ormstungu. Veturinn 1935 gerði stefnandi Íslendingaþáttum og Snorra Eddu sömu skil, Egils sögu Skallagrímssonar árið 1937 og Njálu árið 1942. Komu bækur þessar allar út í Íslendingasagnaútgáfu Sigurðar Kristjánssonar á vegum stefndu. Samningar aðilja um þessi störf stefnanda voru munnlegir, og var honum greitt fyrir þau eftir því, sem hann þurfti á að halda, en miðað var þó við ákveðna fjárhæð fyrir hverja örk, en misháa eftir því, hver bókin var og hvenær prentuð. Ekki ræddu aðiljar um eintakafjölda eða endurprentun bókana.

Árið 1945 voru bækur þessar að mestu uppseldar, og lét stefnda ljósprenta þær allar á árunum 1945 og 1946 án þess að leita til þeirrar ráðstöfunar samþykkis stefnanda eða greiða honum þóknun fyrir. Stefnandi, sem telur sig eiga höfundarrétt á ritum þessum, álitur þetta athæfi stefndu brot á þeim rétti sínum, og hefur hann því höfðað mál þetta til bótagreiðslu úr hendi stefndu.

Stefnda hefur í fyrsta lagi byggt sýknukröfu á því, að málið sé upphaflega höfðað til greiðslu ritlauna, en slík krafa hafi enga stoð í lögum

um rithöfundarétt né samningum aðilja. Jafnframt hefur hún mótmælt því, að stefnandi geti nú byggt dómkröfur sínar á skaðabótaákvæðum laga um rithöfundarétt.

Af málatilbúnaði stefnanda í öndverðu mátti stefndu vera ljóst, að dómkröfur stefnanda voru öðrum þræði reistar á heimildarlausri útgáfu áðurgreindra bóka og þá jafnframt, að stefnandi teldi hana brot á höfundarrétti sínum. Leiða þessar varnarástæður stefndu því eigi til sýknu.

Stefnda hefur og stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að starf stefnanda hafi verið prófarkalestur einn, enda hafi hann verið til verksins ráðinn með þeim formála. Mótmælir stefnda því, að stefnanda hafi verið falin lagfæring hinna eldri útgáfna bókana frá vísindalegu sjónarmiði. Kveðst stefnda sjálft eiga útgáfuréttinn, og geti stefnandi því eigi talizt útgefandi bókana.

Í máli þessu er með skýrum rökum í ljós leitt, að verk stefnanda við útgáfu rita þessara hefur verið annað og meira en prófarkalestur, þar eð bækur þær, er hann bjó til prentunar, eru allfrábrugðnar eldri útgáfum þeirra á vegum stefndu. Hefur stefnda veitt viðtöku verkum stefnanda án athugasemda, og verður því að telja hana hafa viðurkennt starfsaðferð hans, og kemur ekki til álita í máli þessu eignarréttur hennar að eldri útgáfum, heldur verður talið, að hér sé um nýjar útgáfur að ræða, en ekki endurprentanir. Verður þá að kanna, hver réttur stefnanda er í því sambandi.

Lög nr. 13 frá 1905 kveða svo á, að höfundur hver hafi eignarrétt á því, er hann hefur samið, og njóta þýðingar sömu verndar. Lögfylgjur þessa eignarréttar eru m. a. einkaréttur höfundar til birtingar rits með þeirri takmörkun meðal annarra, er af 3. gr. laganna leiðir. Sú takmörkun hefur ekki gildi um þetta mál, þegar af þeirri ástæðu, að framangreind ljósprentun náði ekki til Íslendingasagnaútgáfunnar í heild, og auk þess er Snorra Edda almennt ekki talinn hluti þess ritsafns.

Loks hefur stefnda haldið því fram, að umrædd rit séu hvorki frum-samin né þýdd af stefnanda, og bresti því heimild til að veita þeim vernd greindra laga.

Til þess að verk það, er stefnandi hefur innt af hendi samkvæmt framansögðu, verði talið njóta verndar laga um rithöfundarétt, þykir það verða að fullnægja ákveðnum lágmarkskröfum um frumleik eða sjálfstæða efnismeðferð. Þykir því verða að meta hvert útgáfuverk stefnanda fyrir sig samkvæmt þessum meginreglum, en ekki þykir verða komizt hjá að skipta hverju riti í 4 hluta við þá könnun.

1. *Texti.* Að sögn stefnanda hefur hann valið milli áður prentaðra texta-gerða annarra fræðimanna, en ekki framkvæmt sjálfstæðar kannanir á handritunum, og þykir þegar af þeirri ástæðu verða að líta svo á, að verk hans fullnægi ekki að þessu leyti framangreindum kröfum.

2. *Nafnaskrár.* Þótt ljóst sé, að nafnaskrár í ritum þeim, er mál þetta er af risið, eru bæði fyllri og vandaðri en slíkar skrár voru í eldri útgáfunum og samdar af stefnanda sjálfum, þykja þær þess eðlis, að þær fullnægi ekki heldur framangreindum kröfum, enda nánast upptalning ein.

3. *Vísnaðskýringar.* Í öllum textaútgáfum fornrita og ekki sízt þeim, sem ætlaðar eru alþýðu manna, hefur þótt hlýða að hafa skýringar á torskildum vísu. Má í slíkum útgáfum telja þær nauðsynlegan hluta verksins og ómissandi til þess, að tilgangi þess verði náð. Vísnaðskýringar í útgáfum fornrita eru venjulega þannig til orðnar, að margir hafa lagt þar hönd að verki, hver af öðrum, byggir hver skýrandi á því, sem áður hefur ritað verið, eftir því sem hann hefur þekkingu til og þykir hlýða, en leggur nokkuð til frá sjálfum sér eftir atvikum. Þessu máli virðist yfirleitt gegna um vísnaðskýringar í ritum þeim, sem hér ræðir um, samanber og orð stefnanda í formálum. Hafa þessi not skýringa annarra manna jafnan verið talin heimil og sjálfsögð til þess að komizt verði að sem réttustum skilningi á textanum. Þegar litið er á hið nána samband milli vísnaðtexta og skýringar á honum í textaútgáfum og svo hitt, hvernig þær skýringar eru að jafnaði til orðnar, þykir eftir atvikum verða að segja um skýringarnar á framangreindum ritum hið sama sem um texta og nafnaðskrár.

4. *Formálar.* Formálar Egils sögu, Njáls sögu, Íslendinga þátta og Snorra Eddu eru allir stuttir, einkum þegar borið er saman við textana (Egils saga: 6 bls. af 368 bls. prentaðs máls, Njáls saga: 6 bls. af 463 bls., Íslendingaþættir: 8 bls. af 530 bls. og Edda Snorra Sturlusonar: 6 bls. af 410 bls. prentaðs máls). Þeir eru því mjög litill hluti hverrar bókar, að mestum hluta greinargerð fyrir útgáfunni, og virðist ekki vera í þeim um sjálfstæðar rannsóknir að ræða. Virðist mega telja formála þessa nauðsynlegan og eðlilegan hluta útgáfunnar, er hafi ekki svo mjög sjálfstætt gildi, að stefndu hafi verið óheimilt að taka þá upp í endurprentun ritanna. Um formála Harðar sögu og Gunnlaugs sögu virðist gegna öðru máli. Þeir eru miklu lengri en áðurgreindir formálar, en gera þó grein fyrir miklu styttri ritum. Í formálum þessum er að sjálfsögðu gerð grein fyrir útgáfunni, en mestur hluti þeirra er umræða um söguna, sem út er gefin, og að því er virðist byggð á sjálfstæðum athugunum og rannsóknum. Að slepptri greinargerð fyrir útgáfunum má telja þá sjálfstæðar fræðiritgerðir.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu þykir verða að líta svo á, að stefnandi njóti verndar laga um rithöfundarétt aðeins að því, er varðar tvær síðastnefndar bækur, og verður því að telja ljósprentun stefndu á þeim óheimila. Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnanda og dæma stefndu skylt að bæta honum það tjón, er hann kann að hafa beðið af útgáfu bókana. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er varðar þenna hluta málsins.

Dóm þenna hafa uppkveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Pétur háskólaritari Sigurðsson og dr. Steingrímur J. Þorsteinsson.

Dómsorð:

Stefnda, Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar, ber fébótaábyrgð

á tjóni því, er stefnandi, Guðni Jónsson, kann að hafa beðið af framangreindri ljósprentun á Harðar sögu og Gunnlaugs sögu.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Miðvikudaginn 25. október 1950.

Nr. 142/1949. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Þorsteini Elton Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á ákvæðum bifreiðalaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði telur sig hafa neytt áfengis á Bárugötu 4, eftir að hann hætti að aka bifreiðinni, en eftir því, sem fram er komið í málinu, og þegar litið er til þess, hversu akstri hans var áfátt og hinnar stuttu dvalar hans á Bárugötu 4, verður ekki talið, að ölvun hans, er lögreglumenn tóku hann til rannsóknar, stafi öll af þeirri drykkju. Verður því að telja, að ákærði hafi verið svo á sig kominn, er hann ók bifreiðinni, að varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Þá hefur ákærði og með skorti á aðgæzlu við aksturinn brotið ákvæði þau, sem í héraðsdómi eru talin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald 8 daga. Þá ber og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í héraðsdómi greinir, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 6 mánuði alls.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn máls þessa var ekki tekin nægilega föstum tókum í upphafi. Sérstaklega bar nauð-